



STARFSSKÝRSLA 2007 TIL 2008



**STARFSSKÝRSLA  
2007-2008**



Umsjón: Hrafn Magnússon

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi ehf

Hönnun: Hvíta húsið

Kápu mynd: Skógafoss

Ljósmyndir: Vilhelm Gunnarsson bls. 4, aðrar myndir Jóhannes Long

## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða .....	6
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða .....	8
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna .....	9
Fulltrúaráð LL .....	10
Fræðslufundir .....	11
Tillögur um breytingar á lífeyrissjóðalögunum .....	12
Fræðsluvefur um lífeyrismál .....	12
Endurskoðun og einföldun almannatryggingakerfisins ....	13
Endurskoðun á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða .....	14
Lífeyrissjóðir og varnir gegn peningabætti .....	15
Samkomulag um samskiptamál lífeyrissjóða .....	15
Erlent samstarf .....	16
Leiðbeinandi reglur LL um verðbréfavíðskipti .....	17
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	20

### Ársreikningur 2007

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	23
Áritun óháðs endurskoðenda .....	24
Rekstrarreikningur ársins 2007 .....	25
Efnahagsreikningur .....	26
Sjóðstremisýfirlit árið 2007 .....	28
Skýringar .....	29

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Landssamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun lífeyrissjóðanna, það er ávöxtun lífeyrissjóðanna umfram verðbólgu, hafi numið um 0,5% að meðaltali á árinu 2007. Eru það mikil umskipti frá árinu 2006 þegar raunávöxtun nam 10,6%.

Eftir ágætt ár á íslenska hlutabréfamarkaðinum 2006, þegar OMX Úrvalsvísitalan

hækkaði um 15,8%, lækkaði vísitalan í fyrra um 1,4% og lauk þar með samfelldu 6 ára hækkunarferli innlenda hlutabréfamarkaðarins. Árið í fyrra var lakasta ár á íslenskum hlutabréfamarkaði síðan árið 2001, þegar vísitalan lækkaði um 11,2%. Mestu munar um lækkun banka og fjárfestingafélaga en þessi fyrirtæki vega um 91% af vísitölunni. Árið 2007 byrjaði vel og hækkaði vísitalan nær stöðugt fram í miðjan júlímánuð. Þá tók við samfelld lækkunarhrina á innlendum hlutabréfamarkaði samfara miklum óróleika á erlendum fjármálamörkuðum, sem rætur sínar átti að rekja til áhættusamra húsnæðislána í Bandaríkjunum.

Ársbreyting erlendra hlutabréfávísitalna í fyrra var nokkuð sveiflukennnd. Heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um 7,5%, en hún er helsti mælivarði á breytingu á hlutabréfamarkaði í heiminum.



Ef gengi íslensku krónunnar er skoðað á síðasta ári þá styrkist krónan um ríflega 6% frá upphafi til loka ársins, en sviptingar innan ársins voru hins vegar verulegar. Þannig styrkist krónan fyrrihluta ársins um 15% en veikist seinni hlutann, einkum vegna lausafjárþurfar og vaxandi erfiðleika vegna skuldabréfavafninga á erlendum fjármálamörkuðum. Gengisvarnir lífeyrissjóðanna drógu þó úr neikvæðum áhrifum styrkingar íslensku krónunnar.

Þessar aðstæður, sem ég hef nú greint frá voru þess valdandi að fjárfestingarárangur lífeyrissjóðanna á síðasta ári var ekki góður, en mun þó hafa lítil áhrif á getu sjóðanna að standa við lífeyrisloforð sín í framtíðinni. Meðal raunávöxtun lífeyrissjóðanna síðustu fimm ár var 9,0% og hefur aldrei verið betri.

Um 10% aukning varð á eignum lífeyrissjóðanna á síðasta ári, en eignir námu alls rúmlega 1.647 milljarða króna í lok ársins. Heldur dró úr aukningu á innlendum hlutabréfum og erlendri verðbréfaeign vegna lækkunar á verðbréfamörkuðum síðustu mánuði ársins af ástæðum sem þegar hafa verið nefndar.

Miklar breytingar og sviptingar hafa verið á verðbréfamörkuðum á þessu ári. Gengi íslensku krónunnar veiktist um hvorki meira eða minna en 23% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Gengi krónunnar ræðst nú alfarið af ástandi fjármálamarkaða og hefur að mestu aftengst grundvallarþáttum í íslenskum þjóðarþúskap. Skýrasti vitnisburðurinn um breytta tíma var hækkun á gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um niðurskurð þorskveiðiheimilda sumarið 2007. Þá ræðst gengi krónunnar einnig af áhuga erlendra spákaupmanna á vaxtamunarviðskiptum, en krónan flokkast með hávaxtagjaldmiðlum. Hlutabréfamarkaðir lækkuðu um allan heim á fyrsta ársfjórðungi þessa árs og ávöxtun íslensku Úrvalsvísitölunnar að teknu tilliti til arðgreiðslna var neikvæð um tæplega 19%.

Ljóst er að árið í ár verður ár mikilla sviptinga í efnahagslífi okkar Íslendinga og reyndar ekki síður út í hinum stóra heimi. Hvernig íslensku lífeyrissjóðum mun reiða af í þessum ólgusjó efnahagsmála er erfitt um að spá, en þó er ljóst að styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur skilað sér í aukinni arðsemi erlendra eigna. Lækkun innlendra og erlendra hlutabréfa, hátt skuldaytryggingaálag bankanna og aðrir óvissuþættir, skipta þó miklu máli þegar upp verður staðið og árið gert upp.





Eitt af meginhlutverkum Landssamtaka lífeyrissjóða er að vera málsvari sjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varða sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna. Í þessu felst mikið starf sem unnið er á vettvangi samtakanna í góðu samstarfi við aðildarsjóðina.

Á síðasta ársfundi gat ég um tvö málefni, sem tekið hafa drjúgan tíma hjá Landssamtökum lífeyrissjóða og aðildarsjóðum þeirra.

Í fyrsta lagi er um að ræða fræðslumálin. Margt hefur færst í rétta átt á umliðnum mánuðum, í þeim málaflokki og nefndi ég þar fyrst og fremst nýjan fræðsluvef Landssamtaka lífeyrissjóða um lífeyrismál sem opnaður var í október s.l. Nú er stefnt að tveimur viðbótum á fræðsluvefnum til að auka almenna þekkingu á lífeyrismálum. Annars vegar fræðslumyndbönd um nokkrar grundvallarspurningar og hins vegar gerð sérstakrar „Réttindabókar lífeyrissjóðanna“, þar sem fram, munu koma upplýsingar um áunnin ellilífeyrisréttindi á einum stað.

Í annan stað nefni ég aftur örorkumálin. Eitt megin viðfangsefni LL er að finna leiðir til að draga úr fjölgun öryrkja með markvissari úrræðum í endurhæfingarmálum í samvinnu við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Einnig fer nú fram vinna á vegum samtakanna að því verkefni að einfalda og skýra samspil bóta frá almannatryggingum og lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna, m.a. með því að hafa frumkvæði um að brjótast út úr víxlverkun og gagnkvæmri skerðingu bóta.

Í nýgerðum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins er yfirlýsing um stofnun sérstaks Endurhæfingarsjóðs. Gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir á samningsviði ASÍ og SA greiði til Endurhæfingarsjóðs frá ársbyrjun 2010 sama hlutfall af launastofni og launagreiðendur. Þá liggur einnig fyrir að ríkissjóður leggi sjóðnum til sömu fjárhæð og launagreið-

endur. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að aðrir lífeyrissjóðir greiði til Endurhæfingarsjóðs, eftir því sem við á, þannig að full framlög fái til sjóðsins vegna þeirra einstaklinga sem endurhæfingargjald er greitt af.



Stjórn LL styður stofnun Endurhæfingarsjóðsins og telur í því sambandi nauðsynlegt að gera ráð fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna við undirbúningsvinnu að stofnun og starfsrækslu sjóðsins. Þeim tilmælum var beint til SA og ASÍ að haft verði náð samráð við Landssamtök lífeyrissjóða strax á fyrstu stigum málsins og hefur verið vel tekið í þá málaleitan.

Nær flestar þjóðir í Evrópu eiga í miklum vanda vegna þess að ekki hefur verið safnað í sjóði fyrir væntanlegum lífeyrisgreiðslum. Þann vanda eigum við Íslendingar blessunarlega ekki við að etja. Eignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem hlutfall af landsframléiðslu eru í fyrsta skipti orðnar þær mestu í heimi, samkvæmt tölum frá OECD. Samkvæmt tölunum, sem eru frá árinu 2006, voru eignir íslensku lífeyrissjóðanna 132,7% af vergri landsframléiðslu það ár, nokkuð meiri en sparnaður Hollendinga og Svisslendinga.

Með talsvert lægra hlutfall eigna komu frændur okkar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Hafa þeir í huga að á Norðurlöndum eru til sjóðsmyndandi lífeyriskerfi, sem tilheyra almannatryggingum, t.d. norskri olíusjóðurinn, ATP-sjóðurinn í Danmörku og AP-sjóðirnir í Svíþjóð og skekkir það nokkuð myndina í þessum samanburði. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að þó að þessir sjóðir væru allir teknir með þá væri Ísland enn í fyrsta sæti í heiminum hvað snertir eignir í lífeyrissparnaði sem hlutfall af landsframléiðslu.

Landsamtök lífeyrissjóða stóðu fyrir fjölmörgum fræðslufundum á starfsárinu um margvísleg málefni er varða starfsemi sjóðanna. Síðbreytilegt starfsumhverfi kallar á öflugt og fjölbætt starf samtakanna og um leið náð samstarf við lífeyrissjóðina í landinu.

*Arnar Sigurmundsson*



## AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 10. maí 2007. Þórunn Sveinbjörnsdóttir stjórnari fundi en fundarritari var Sigtryggur Jónsson.

Jónas Friðrik Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, flutti erindi um FME og starfsemi lífeyrissjóðanna.

Í erindi Jónasar kom m.a. fram að Íslendingar hefðu sýnt fyrirhyggju með því að byggja upp öflugt lífeyriskerfi sem aðrar þjóðir lita til sem fyrirmyndar. Lífeyrissjóðirnir væru öflugir þátttakendur á innlendum fjármagnsmarkaði og gætu haft töluverð áhrif á markaðinn, bæði á verð og hegðun markaðarins. Jónas greindi frá því að í þeirri umræðu sem átti sér stað á síðasta ári um íslenskt fjármálakerfi hefði verið gagnlegt að geta bent á sterka stöðu íslensku lífeyrissjóðanna sem mikinn styrk fyrir efnahags-umhverfið hér á landi. Þá sagði Jónas það skoðun sína að þeir fjármunir sem safnast hafa í lífeyrissjóðunum væru ekki aðeins ein af undirstöðum félagslegs öryggis heldur væru mikilvægt akkeri í hinni hröðu uppbyggingu íslensks efnahagslífs og fjármálamarkaðar á síðasta áratug.

Lífeyrissjóðirnir hafi tekið þátt í að byggja upp sterk alþjóðleg fyrirtæki og stutt fjárfestingar í arðbærum verkefnum. Hagsmunir sjóðanna og fjármálamarkaðarins væru gagnkvæmir því íslensk fjármálafyrirtæki og verðbréfa-markaður gegdu lykilhlutverki við að finna hagkvæman farveg fyrir fjármagn í vörslum sjóðanna.

Jónas sagði að sjóðirnir ættu þannig að vera eins konar samviska íslensks fjármálamarkaðar, það væri rökrétt með tilliti til þeirra almannahagsmuna sem þeim væri ætlað að tryggja, þeirra viðhorf ættu að ráðast af langtímahagsmunum frekar en skammtímagróða.

Arnar Sigurmundsson, formaður LL, flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári. Í máli Arnars kom fram að árið 2006 hefði verið íslenskum lífeyrissjóðum mjög hagstætt og væri síðasta ár fjórða árið í röð þar sem meðal raunávöxtun þeirra væri yfir 10%. Ekki megi þó gleyma því að árin 2000 til 2002 hefðu verið sjóðunum erfið og árleg raunávöxtun þeirra hefði verið á því árabili neikvæð að meðaltali um rúm 2%. LL áætla að raunávöxtun sjóðanna hafi að meðaltali numið 10,6% á árinu 2006. Ef lítið væri til lengri tíma eða síðustu fimm ára næmi raunávöxtunin 8,3%.

Talverðar sveiflur einkenndu þróun Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar á síðasta ári. Vísitalan hækkaði mikið í byrjun ársins og náði hæstu hæðum um miðjan febrúar 2006 og hafði þá hækkað um 25% frá áramótum. Síðan hafi dregið nokkuð úr hækuninni, m.a. vegna þess að erlend matsfyrirtæki birtu neikvæðar spár um íslenskt efnahagslíf. Á miðju síðasta ári hækkaði vísitalan á nýjan leik sem skilaði sér í því að Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um tæplega 16% á árinu 2006. Miklar breytingar og sviptingar hafi orðið á íslenska verðbréfamarkaðinum á fyrstu mánuðum

þessa árs. Úrvalsvísitalan hafi hækkað umtalsvert og útlitið framundan í þeim efnum væri nokkuð gott. Útrás íslenskra fyrirtækja á undanförunum árum hafi styrkt afkomu þeirra verulega og gjörbreytt samsetningu þeirra fyrirtækja sem mynda Úrvalsvísitöluna. Lífeyrissjóðirnir hafi notið góðs af góðu gengi þeirra ekki síst fjármálafyrirtækja sem fram komi í góðri ávöxtun sjóðanna. Sveiflur á hlutabréfamörkuðum og á gengi krónunnar hafi undirstrikað mikilvægi áhættudreifingar á fjármunum sjóðanna.

Heildareignir íslensku lífeyrissjóðanna námu tæplega 1.460 milljörðum króna í árslok 2006 og höfðu aukist um tæplega 277 milljarða frá árslokum 2005. Í árslok 2006 námu hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna liðlega 120% af vergri landsframleiðslu og hafi ekki áður mælst hærrí.

Eitt af meginhlutverkum Landssamtaka lífeyrissjóða sé að vera málsvari sjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varða sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna. Í þessu fælist mikið starf sem unnið væri á vettvangi samtakanna í góðu samstarfi við aðildarsjóðina. Að standa vaktina í síbreytilegu umhverfi útheimti mikla vinnu og gildi einu hvort þar er átt við samskipti við stjórnvöld og eftirlitsstofnanir, hagsmunasamtök eða að styrkja ímynd sjóðanna.

Arnar greindi frá því að tvö mál hafi einkum tekið drjúgan tíma hjá Landssamtökum lífeyrissjóða. Fyrst bæri að telja fræðslumálin en í þeim fælist jafnt að standa að útgáfu kynningarefnis um starfsemi lífeyrissjóðanna og standa fyrir fræðslu- og umræðufundum. Öflug upplýsingasíða samtakanna væri liður í fræðslustarfinu.

Þá hafi örorkumálin tekið mikinn tíma í starfsemi samtakanna og einstakra lífeyrissjóða. Vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóðanna undanfarin ár, langt umfram fyrri tryggingafræðilegar úttektir hafi kallað fram viðbrögð hjá mörgum lífeyrissjóðum. Sérstök örorkunefnd á vegum LL skilaði skýrslu haust 2005, en áður hafi hún skilað áfangaskýrslu. Hlutfall örorkulífeyris væri mjög misjafnt á milli lífeyrissjóða og vegi það hæst hjá sjóðum á almennum vinnumarkaði.

Í árslok 2006 hafi Alþingi samþykkt að verja hluta af tryggingargjaldi atvinnurekenda til þess að létta undir örorkulífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna. Sérstök örorkunefnd á vegum forsætisráðherra skilaði skýrslu í mars 2007. Í tillögum nefndarinnar fælust m.a. viðtækar breytingar á skilgreiningu á örorku og rétti til örorkulífeyris og að viðmiðanir um örorkumat í almannatryggingakerfinu og hjá lífeyrissjóðunum yrðu samræmdar. Áhersla verði lögð á að saman færi lækisfræðileg endurhæfing og starfsendurhæfing.

Arnar tók fram að það væri gríðarlega mikilvægt að vel tækist til í frekari vinnu við útfærslu þessara tillagna. Allir



yrðu að leggjast á eitt til þess að efla starfsendurhæfingu hér á landi og gera þannig fólki með skerta starfsgetu kleift að komast á vinnumarkað á nýjan leik.

Þá vék Arnar nokkuð að störfum yfirtökunefndar. Það væri grundvallaratriði fyrir heilbrigði fjármagnsmarkaðarins og jafnframt fyrir trúverðugleika nefndarinnar að hún beiti þeim úrræðum sem henni voru fengin við stofnun. Yfirtökunefndin eigi að birta opinberlega nöfn þeirra aðila sem með einhverjum hætti leggja stein í götu nefndarinnar, hvort heldur með skorti á upplýsingagjöf eða með því að láta ekki ná í sig og þannig komast hjá að veita nefndinni upplýsingar. Úrræði nefndarinnar byggji á víðtækum baklandsstuðningi þeirra sem stóðu að stofnun nefndarinnar. Þannig hafi nefndin alla möguleika á að nálgast niðurstöður í þeim málum sem hún teldi að falli undir verksvið hennar.

Að lokum fór Arnar nokkrum orðum um fækkun lífeyris-

sjóðanna. Sjóðirnir hafi bæði stækkað og eflst og skipta nú orðið gríðarlegu máli í þróun velferðarsamfélagsins á Íslandi.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 2006 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og varastjórn. Aðalstjórn var endurkjörin, en í varastjórn var sú breyting gerð að í stað Péturs Sigurðssonar var kosin Guðrún Guðmannsdóttir. Tekin var ákvörðun um þóknun aðalmanna og varamanna í stjórn og um árgjald til samtakanna.

Að lokinni kynningu Hrafn Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2007, var greint frá skipan fulltrúaráðs LL fyrir næsta kjörtímabil.

Í lok aðalfundar gerði Gunnar Baldvinsson grein fyrir starfi kynningarnefndar LL og kynnti nýja vefsíðu á vegum LL, sem mun einskorðast við ýmis konar fræðsluefni.


*Dynkur.*



## HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

### HLUTVERK SAMTAKANNA ER:

- Að gæta í hvívetna hagsmunum sjóðfélaga.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka lífeyrissjóða.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.



## STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðal-  
mönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er  
tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla  
varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn  
samtakanna er þannig skipuð:

Arnar Sigurmundsson, *formaður*  
Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*  
Friðbert Traustason  
Gunnar Baldvinsson  
Gunnar Páll Pálsson  
Margeir Daníelsson  
Þorbjörn Guðmundsson og  
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Vararstjórnin er þannig skipuð: Arnaldur Loftsson, Björn  
Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Guðrún Guðmanns-  
dóttir, Jón G. Kristjánsson, Sigurbjörg Björnsdóttir, Sig-  
urbjörn Sigurbjörnsson og Stefán Halldórsson.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 11 fundir.  
Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum  
samþykka samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Sætúni 1,  
Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er  
í samrekstri með Greiðslustofu lífeyrissjóða. Heimasíða LL  
er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna  
er [ll@ll.is](mailto:ll@ll.is). Fræðsluvefur LL er með vefslóðina <http://www.gottadvita.is>.

Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann  
með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Talið frá vinstri neðri röð: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Arnar Sigurmundsson og Margeir Daníelsson.

Efri röð frá vinstri: Friðbert Traustason, Gunnar Páll Pálsson, Þorbjörn Guðmundsson, Hrafn Magnússon og Gunnar Baldvinsson.  
Á myndina vantar Hauk Hafsteinsson.



## FULLTRÚARÁÐ LL

Hver lífeyrissjóður innan Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefniir tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg markmið lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 21. nóvember á síðasta ári. Snjólfur Ólafsson, prófessor í viðskiptadeild Háskóla Íslands, fjallaði um *útrás íslenskra fyrirtækja* og Ásgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings hf. og Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunar hf., fluttu erindi um *“Hvaða áhrif getur upptaka evru haft á starfsemi og framtíðarávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna?”*

*Melgras.*



## FRÆÐSLUFUNDIR

Fundur um *endurskoðun lífeyrissjóðalaganna* var haldinn þann 1. júní 2007, þar sem tillögur LL voru kynntar. Nokkrar ábendingar bárust á fundinum, en ákveðið var að gefa lífeyrissjóðunum kost á því að koma fram með frekari ábendingar eða athugasemdir til Landssamtaka lífeyrissjóða, áður en gengið yrði endanlega frá tillögum samtakanna.

Landssamtök lífeyrissjóða boðuðu til fundar um *nýtt fyrirkomulag áfallatrygginga* þann 13. september 2007. Framsögur höfðu þeir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

Fræðslufundur LL um *almannatryggingar* var haldinn 19. september 2007. Á fræðslufundinum var farið yfir þá þætti almannatrygginga, sem eru einna skyldastir bótaákvæðum lífeyrissjóðanna. Leiðbeinendur voru Margrét Jónsdóttir, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar TR og Ásdís Eggertsdóttir, deildarstjóri í þjónustumiðstöð TR.

Fjármálaráðuneytið, Landssamtök lífeyrissjóða og Samtök fjármálafyrirtækja boðuðu til sameiginlegs til fundar um alþjóðlega lífeyrissjóði 7. nóvember 2007. Yfirskrift fundarins var: *“Getur Ísland orðið miðstöð fyrir alþjóðlegan lífeyrissjóðarekstur?”* Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, fjallaði um *“Í hverju liggur styrkur íslenska lífeyrissjóðakerfisins í alþjóðlegum samanburði?”* Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu ráðuneytisins, var með framsögu um *nýleg lög til innleiðingar á Evróputilskipun um starfstengda eftirlausisjóði* og Marínó Tryggvason hjá Kaupþingi framsögu um *“Starfræksla alþjóðlegra lífeyrissjóða á Íslandi - talsýn eða tækifæri.”*

Fræðslufundur um *aðgerðir lífeyrissjóða gegn peningabætti* var haldinn í samvinnu við Ríkislögreglustjóraembættið þann 8. nóvember 2007. Fyrirlesari var Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur hjá Ríkislögreglustjóra, en hann fjallaði um helstu atriði og lagaskyldur tilkynningar skyldra aðila í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þann 24. janúar s.l. var haldinn umræðufundur á vegum LL og var fundarefnið *“Hverjar eru horfur á verðbréfa-mörkuðum árið 2008?”*

Framsögumenn voru þeir Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs, Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs og Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Á eftir framsöguverindum voru panelumræður sem í tóku þátt, auk framsögumanna, þeir Baldur Vilhjálmsson, forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs.

Umræðustjóri var Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar.


Á vegum LL voru haldin tvö námskeið um lög nr. 129/1997 um *skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða* þann 5. mars og 11. mars s.l.

Leiðbeinendur voru þeir Tómas Möller, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins og Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur.

Farið var yfir þær reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða, lífeyrisréttindi og lífeyrissparnað í séreign. Áhersla var lögð á umfjöllun um hlutverk lífeyrissjóða, þær reglur sem gilda um greiðslu iðgjalds, ávinnslu lífeyrisréttinda, útgreiðslu lífeyrissparnaðar, hlutverk og ábyrgð stjórnar og starfsmanna lífeyrissjóða og síðast en ekki síst fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og tryggingafræðilega úttekt.

Landssamtök lífeyrissjóða og Samtök fjármálafyrirtækja boðuðu sameiginlega til fundar um *skuldatryggingar* 15. apríl s.l. Christopher Whalen frá Institutional Risk Analytics fjallaði um skuldatryggingar (CDS) og viðskipti með þær. Ingvar Ragnarsson hjá Glitni h.f. ræddi um áhrif CDS á Ísland. Þá var pallborð með ræðumönnum, auk fulltrúa fjárfstýringa Glitnis og Landsbanka. Lokaorð flutti Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

*Snæfellsjökull.*





## TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á LÍFEYRISSJÓÐALÖGUNUM

Lögin um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997 voru samþykkt á Alþingi í desember 1997 og tóku gildi frá og með 1. júlí 1998. Nú tíu árum síðar er komin nokkur reynsla á lögin, framkvæmd þeirra og áhrif. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á lífeyrissjóðalögum í tímans rás, en ekki farið fram nein skipulögð vinna að fara yfir lögin í heild sinni með það í huga að sníða af þeim augljósa vankanta miðað við reynslu undanfarandi ára.

Í ljósi umfangs lífeyrissjóðalaganna og þeirra hagsmuna, sem lögin fjallar um, þótti stjórn LL því tímabært að láta gera úttekt á lögum með það í huga að leggja til breytingar í ljós reynslunnar.

Sérstök nefnd á vegum LL undir forsæti Tómasar N. Möllers hefur unnið að endurskoðun lífeyrissjóðalaganna.

Nefndin hélt kynningarfund meðal forráðamanna lífeyrissjóðanna um málið vorið 2007 og í framhaldi af fundinum var síðan óskað eftir skriflegum ábendingum við tillögur nefndarinnar. Nokkrar ábendingar bárust s.l. vor og sumar, sem nefndin fór yfir. Endanlegar tillögur nefndarinnar voru síðan kynntar fjármálaráðuneytinu s.l. haust.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa lagt mikla áherslu á þau sjónarmið sín, að endurskoðun lífeyrissjóðalaganna ætti að vera samstarfsverkefni milli samtaka lífeyrissjóðanna og ráðuneytisins. Frumvarp það sem lagt hefur verið fyrir Alþingi um breytingar á lífeyrissjóðalögum, er hins vegar mjög rýrt að efni til. LL telja hins vegar enn séu tækifæri til þess að breyta ýmsum mikilvægum ákvæðum í lögum á næsta þingi, bæði sem varðar fjárfestingarheimildir svo og meðferð séreignarsparnaðarins, svo dæmi séu tekin.

## FRÆÐSLUVEFUR UM LÍFEYRISMÁL

Þann 29. október 2007 opnaði Árni Mathiesen, fjármálaráðherra, nýjan fræðsluvef Landssamtaka lífeyrissjóða um lífeyrismál. Vefslóðin er „*gottadvita.is*.“ Á heimsíðum flestra lífeyrissjóða er hnappur sem hægt er að smella á til að færast á fræðsluvefinn. Mikil vinna var lögð í uppsetningu vefsins með það að leiðarljósi að auðvelt væri að finna upplýsingar. Þannig eru t.d. öll svör tiltölulega stutt og hnitmiðuð. Vefnum er ritstýrt af Gunnari Baldvinssyni og Hrafni Magnússyni. Vefurinn er unninn af Anok-margmiðlun, en Hvíta húsið hefur aðstoðað við útlit vefsins.

Vefurinn byggir á tveimur megin köflum. Annars vegar er að finna mikilvægar spurningar og svör um lífeyrissjóðina og lífeyrisréttindi. Efnið byggir á upplýsingariti Landssam-

taka lífeyrissjóða um lífeyrismál, sem er ætlað að upplýsa sjóðfélaga lífeyrissjóða um réttindi þeirra og landsmenn almennt um lífeyrismál. Efnið er einnig á dönsku, ensku og pólsku og er það gert vegna hinna fjölmörgu erlendu launamanna, sem vinna hér á landi og eignast lífeyrisréttindi í íslenskum lífeyrissjóðum.

Hins vegar eru spurningar og svör fyrir þá sem eru hefja störf á vinnumarkaði og byrja að greiða í lífeyrissjóð, en samkvæmt lögum eiga allir vinnandi menn á aldrinum 16 til 70 ára að greiða iðgjald í lífeyrissjóð. Í kaflanum er einnig hægt að fræðast um lífeyrisréttindi og um almennar ráðleggingar Landssamtaka lífeyrissjóða til nýrra sjóðfélaga.

*Eldborg á Mýrum.*





## ENDURSKOÐUN OG EINFÖLDUN ALMANNA-TRYGGINGAKERFISINS

Um síðustu áramót fluttust málefni aldraðra og almannatryggingar frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Í samræmi við það og stefnuvirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 var skipuð fimm manna verkefnisstjórn til að vinna heildstæðar tillögur um fyrstu aðgerðir, langtíma stefnumótun og nauðsynlegar lagabreytingar varðandi þá heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar sem framundan er.

Verkefnisstjórnin var skipuð hinn 1. október sl. undir forystu Sigríðar Lilly Baldursdóttur forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Hrafn Magnússon á sæti í verkefnisstjórninni f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða, en varamaður hans er Arnar Sigurmundsson.

Samkvæmt erindisbréfi verkefnisstjórnarinnar átti hún að skila félagsmálaráðherra samræmdum tillögum í samræmi við stefnuvirlýsingu ríkisstjórnarinnar, annars vegar fyrir 1. desember 2007 varðandi eðlilegar fyrstu aðgerðir og hins vegar fyrir 1. nóvember 2008 varðandi heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar.

Tillögurnar verkefnisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir voru þessar:

- Skerðing tryggingarbóta vegna tekna maka verði afnumin.
- Hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fyrir aldursþópin 67 til 70 ára í allt að 1.200 þús. á ári.
- Ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki

25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði eða samþæfilega réttarbót með öðrum hætti.

- Allt að 300 þús. kr. frítekjumark verði sett á lífeyrissjóðatekjur eldri borgara gagnvart skerðingum í almannatryggingakerfinu.
- Auk þess verði gripið til aðgerða til að draga úr of- og vangreiðslum tekjutengdra bóta lífeyrstrygginga, hækkun vasapeninga samhliða afnámi frítekjumarks þeirra, verði ekki farið í greiðslu 25 þús. frá lífeyrissjóði.
- Í tengslum við lokatillögur verkefnisstjórnar 1. nóvember 2008 um heildarendurskoðun almannatrygginga kæmi m.a. til eftirfarandi aðgerða:
- Almennit skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki.
- Tekjutengingar vegna séreignarsparnaðar verði felldar niður.

Ríkisstjórnin tók tillit ofangreindra tillagna, en 300 þús. kr. frítekjumark á lífeyrissjóðatekjur eldri borgara gagnvart skerðingum í almannatryggingakerfinu náði þó ekki fram að ganga í þessum áfanga sem fyrstu aðgerðir. Um næstu áramót verður hins vegar afnumin skerðing lífeyrissgreiðslna vegna innlausnar séreignasparnaðar.

Verkefnisstjórnin hún mun áfram vinna að endurskoðun og einföldun almannatryggingakerfisins og skila heildstæðum tillögum fyrir 1. nóvember 2008.

*Tjarnargata.*



## ENDURSKOÐUN Á REGLUM UM ÁRSREIKNINGA LÍFEYRISSJÓÐA

Nú er unnið að endurskoðun á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða í samstarfi við Fjármálaeftirlitið. Á stjórnarfundum LL vorið 2006 var rætt um uppgjörsmál lífeyrissjóðanna og hvort ekki þyrfti nú að huga að endurskoðun á reiknings-skilum lífeyrissjóða með hliðsjón af umræðum og þróun mála héraendis og erlendis. Ákveðið var að skipa sérstaka uppgjörnefnd undir forystu Gunnars Baldvinssonar, sem fengi þetta verkefni til skoðunar. Nefndin lauk störfum í október 2006 og kynnti tillögur sínar fyrir FME.

Í framhaldi af tillögum nefndarinnar sendi Fjármálaeftirlitið út í byrjun árs 2007 sem umræðuskjal tillögur sínar

um breytingar á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða. Landssamtök lífeyrissjóða töldu þær tillögur ekki fullnægjandi og féllst FME á ábendingu samtakanna að skipuð yrði samráðsnefnd aðila til að fara nánar yfir reglurnar í heild sinni. Undirnefnd á vegum uppgjörnefndar LL vann síðan að endurskoðun ársreikningsreglnanna. Nefndin lauk störfum nú í vor og hefur uppgjörnefndin tekið þær upp sem sínar og kynnt þær fyrir FME. Stefnt er að því að endurskoðaðar reglur taki gildi við gerð ársreiknings fyrir árið 2009.

*Í Dritvík.*





## LÍFEYRISSJÓÐIR OG LÖG UM VARNIR GEGN PENINGAÞVÆTTI

Athygli hefur vakið að íslenskir lífeyrissjóðir falla undir lög um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á sama tíma og lífeyrissjóðir Evrópusambandslandanna eru undanþegnir tilskipun nr. 60/2005 um peningaþvætti. Nú eru lögin í endurskoðun og hefur LL reynt að hafa áhrif á lagasetninguna þannig að hún nái ekki til lífeyrissjóðanna.

Haldinn var fræðslufundur á vegum LL þar sem lögin um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka voru skýrð. Íslenskir lífeyrissjóðir þurfa að tilnefna ábyrgðarmenn og setja sér leiðbeinandi reglur til að koma í veg fyrir peningaþvætti vegna áhættu sem enginn veit hver er eða hvaða þættir það eru í starfsemi lífeyrissjóða

hér á landi sem er öðruvísi en hjá öðrum löndum innan EES. Ljóst er að þó lífeyrissjóðirnir falli undir lögin, eru áhættuþættir vegna peningaþvættis taldar mjög veigalitrir í starfsemi þeirra, sbr. undanþágu erlendra lífeyrissjóða frá tilskipuninni. Leiðbeinandi vinnureglur LL um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hafa verið sendar lífeyrissjóðunum sem umræðuskjal. Athugasemdir hafa borist til LL og eru þær nú í skoðun á vegum samtakanna. Sú spurning er áleitun hvort ekki sé óeðlilegt að íslenskir lífeyrissjóðir þurfi einir lífeyrissjóða innan EES að sæta því að falla undir sérstaka löggjöf um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

## SAMKOMULAG UM SAMSKIPTAMÁL LÍFEYRISSJÓÐA

Nýtt samkomulag um samskipti lífeyrissjóða tók gildi 1. febrúar 2008. Megin breyting frá fyrra samkomulagi felst í því að flutningar á réttindum milli sjóða eru nú aflagðir. Þessir flutningar sættu nokkurri gagnrýni með þeim rökum að jafnvægi skorti milli verðmætis fluttra réttinda og þeirra fjármuna sem flutningi fylgir. Ljóst er að sameining lífeyrissjóða á undanförunum árum hefur orðið til þess að fækka flutningum og draga úr vægi þeirra í einstökum

málum. Hins vegar hafði vinna við flutninga aukist mjög og orðið flóknari, ekki síst við töku ellilífeyris.

Í úrskurðar- og umsagnarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða eiga eftirtaldir sæti: Þorgeir Eyjólfsson, formaður nefndarinnar, Haukur Hafsteinsson og Örn Arnþórsson. Tryggingafræðilegur ráðunautur nefndarinnar er Guðjón Hansen.

*Djúpið.*




## ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku "European Federation for Retirement Provision", skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfsemiinni felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttakubjóða.

Í dag eiga 21 þjóð aðild að samtökunum. Þar af 16 aðildarríki Evrópusambandsins auk 5 annarra þjóða. EFRP hefur ennfremur stofnað til samstarfs við lífeyrissjóðasambönd 9 mið- og austurevrópuríkja. Helstu núverandi viðfangsefni EFRP felast m.a. í að fylgjast með vinnu við endurskoðun á tilskipun um starfsemi lífeyrissjóða og tilskipun um flutning lífeyrisréttinda.

Eignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu eru í fyrsta skipti orðnar þær mestu í heimi, samkvæmt tölum úr Pension Markets in Focus frá OECD. Samkvæmt tölunum, sem eru frá árinu 2006, voru eignir íslensku lífeyrissjóðanna 132,7% af vergri landsframleiðslu

það ár, nokkuð meiri en sparnaður Hollendinga, 130% og Svisslendinga 122,1%. Að meðaltali var lífeyrissparnaður 72,5% af landsframleiðslu hjá OECD ríkjunum í árslok 2006, en var 70,7% í árslok 2005.



*Faxi.*



## LEIÐBEINANDI REGLUR LL UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

Á árinu 2002 gáfu Landssamtök lífeyrissjóða út leiðbeinandi verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna. Frá því að verklagsreglurnar voru samdar fyrir fimm árum hefur lagaumhverfi á fjármálamarkaði breyst mikið, m.a. með tilkomu laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Stjórn LL samþykkti s.l. haust að endurskoðun færi fram á umræddum leiðbeiningum og að nefnd sú sem vann að málinu á sínum tíma undir formennsku Stefáns Halldórssonar framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga mundi vinna að þessari endurskoðun í samráði við Fjármálaeftirlitið.

Nefndin lauk störfum í byrjun desember s.l. og sendi lífeyrissjóðunum í kjölfarið nýjar leiðbeinandi verklagsreglur í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

### Leiðbeinandi verklagsreglur LL um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar og starfsmanna

#### Gildissvið og markmið

##### 1. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Þær taka, eftir því sem við getur átt, til (nafn lífeyrissjóðs), stjórnarmanna og þeirra starfsmanna hans sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd víðskipta sjóðsins

með fjármálagerninga með einhverjum hætti, svo og fjölskyldna þeirra. Aðrir starfsmenn en ofangreindir eru undanþegnir ákvæðum 7. og 9. gr. reglnanna um tilkynningaskyldu og undirritun yfirlýsingar.

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi (nafn lífeyrissjóðs) og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

#### Skilgreiningar

##### 2. gr.

Í reglum þessum merkir:

*Fjölskylda:*

Maka, sambúðaraðila eða samvistarmaka og ófjárráða börn.

*Trúnaðarupplýsingar:*

Með trúnaðarupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem sett er skv. 131. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Tilkynningar til skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Aðrar upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðnum með opinberum og viðurkenndum hætti.

*Eyðibýli.*





#### Fjármálagerningar:

- a. Verðbréf, þ.e. þau framseljanlegu verðbréf, að undanskildum greiðsluskjölum, sem hægt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, svo sem:
  - i. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélagum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut,
  - ii. skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa,
  - iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjors í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum.
- b. Peningamarkaðsskjöl, þ.e. þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvixlar, innlánskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum.
- c. Hlutdeildarskírteini.
- d. Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir vaxtarsamningar og aðrar afleiður sem byggjast á verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum, ávöxtunarkröfu, öðrum afleiðum, fjárhagslegum vísitölum eða fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp efnislega eða með reiðufé.
- e. Hrávöruafleiður.
- f. Afleiður til yfirfærslu lánaáhættu.
- g. Samningar um fjárhagslegan mismun.
- h. Aðrar afleiður sem ekki falla undir d–g-lið en hafa sömu eiginleika og þær afleiður.

Ákvæðin eru að hluta byggð á 2. gr. og 120. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

#### Meðferð trúnaðarupplýsinga

##### 3. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til og sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum er óheimilt að:

1. afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum,
2. láta þriðja aðila trúnaðarupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli trúnaðarupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.

Ákvæðin taka mið af 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

#### Markaðshegðun

##### 4. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með fjármálagerninga eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekna fjármálagerninga eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í viðskiptum með fjármálagerninga.

Jafnframt er þeim óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sér í eigin þágu viðskiptakjör sem (nafn lífeyrissjóðs) kann að njóta hjá þriðja aðila.

Ennfremur skulu þeir ekki eiga viðskipti með einstaka fjármálagerninga á sama tíma og lífeyrissjóðurinn eða sem lífeyrissjóðurinn hyggst eiga viðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík viðskipti vegna starfsins.

Fyrsti málsliður greinarinnar tekur mið af 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

#### Þagnarskylda

##### 5. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þess ber ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn sem og endurskoðendur skulu hafa reglu á því hverjir hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Ákvæði þessi eru að hluta byggð á 32. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

#### Hæfi

##### 6. gr.

Stjórnarmaður eða starfsmaður (nafn lífeyrissjóðs) er vanhæfur til að eiga aðild að ákvörðun um viðskipti sjóðsins með fjármálagerninga ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins eða gagnaðilans í viðskiptunum. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fjölskyldu hans, venslamönnum eða fyrirtæki, þar sem hann kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður.



Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

*Ákvæðin um vanhæfi eru byggð á stjórnýslulögum. Í 31. gr.laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs fari eftir ákvæðum II. kafla stjórnýslulaga.*

## Tilkynningaskylda

### 7. gr.

Þeir starfsmenn sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd viðskipta sjóðsins með fjármálagerninga með einhverjum hætti skulu að eigin frumkvæði tilkynna yfirmanni sínum eða staðgengli hans um öll viðskipti fyrir eigin reikning samdægurs, þegar það á við, og eigi síðar en við upphaf næsta vinnudags eftir að þau voru gerð. Tilkynna skal um viðskipti með afleiðusamninga bæði þegar þeir eru gerðir og við uppgjör.

Þeir starfsmenn sem sjá um fjárfestingar fyrir lífeyrissjóðinn skulu tilkynna um verðbréfaeign sína og gildandi fjármálagerninga er þeir taka við starfinu.

Lífeyrissjóðurinn skal halda skrá um tilkynningarskyld viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga þar sem skráðar eru upplýsingar um fjármálagerningana, fjárhæð nafnverðs, kaupverð og tímasetningu kaupa.

## Rannsóknarskylda

### 8. gr.

Leiki vafi á því hvort fyrirhuguð viðskipti geti samrýmt ákvæðum þessara reglna eða önnur atvik séu með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skulu þeir aðilar sem reglur þessar taka til leita álit framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar (nafn lífeyrissjóðs), eftir því sem við á, sem sker úr um slík atriði áður en viðskipti eru framkvæmd eða önnur skref stigin sem gætu brotið gegn reglunum.

## Undirritun yfirlýsingar

### 9. gr.

Stjórnarmenn og starfsmenn (nafn lífeyrissjóðs) skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal með þessum reglum.

## Eftirlit

### 10. gr.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri (nafn lífeyrissjóðs),

skulu, eftir því við á, sjá um og bera ábyrgð á kynningu þessara reglna meðal núverandi og nýrra starfsmanna og að þeir staðfesti skriflega að þeir hafi kynnt sér þær. Einnig skulu ofangreindir aðilar sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði stjórnarmanna og starfsmanna (nafn lífeyrissjóðsins) ásamt þeim sem reglurnar varða. Einnig ber ofangreindum að sjá til þess að reglurnar séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri (nafn lífeyrissjóðs) hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt.

## Brot á reglum

### 11. gr.

Brot á reglum þessum skal tafarlaust tilkynna stjórn (nafn lífeyrissjóðs) sem, eftir eðli brots, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

## Viðurlög

### 12. gr.

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn aðila er brjóta gegn þeim ásamt því að eftir því sem við verður komið gangi viðskipti sem brjóta gegn reglunum til baka. Brot á ýmsum ákvæðum reglnanna geta falið í sér brot á lögum um verðbréfavíðskipti og getur starfsmaður því sætt viðurlögum skv. þeim, sbr. XV. kafla laganna.

## Gildistaka

### 13. gr.

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar (nafn lífeyrissjóðs) og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum.

## Yfirlýsing stjórnarmanns/starfsmanns

Ég undirrituð/aður hef kynnt mér og maka mínum efni reglna um viðskipti (nafn lífeyrissjóðs), stjórnar hans og starfsmanna, með fjármálagerninga, dagsettar \_\_\_\_\_, og heiti því að virða þær reglur í hvívetna.

(Staður), dags. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vottar:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



## AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2006 þús. króna	Innan LL %
Lsj. starfsmanna ríkisins	282.259.925	18,93%
Lsj. verzlunarmanna	240.348.888	16,12%
Gildi lífeyrissjóður	215.411.276	14,45%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	88.373.003	5,93%
Stapi lífeyrissjóður *	83.889.875	5,63%
Almenni lífeyrissjóðurinn	83.242.551	5,58%
Stafir lífeyrissjóður	74.710.215	5,01%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	59.613.928	4,00%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	50.924.638	3,41%
Festa lífeyrissjóður	48.634.303	3,26%
Lífeyrissjóður bankamanna	34.819.789	2,33%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	27.218.311	1,83%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	25.968.359	1,74%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	22.869.245	1,53%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	22.430.545	1,50%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	22.147.806	1,49%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	21.605.517	1,45%
Lífeyrissjóður bænda	20.905.368	1,40%
Eftirlaunasjóður FÍA	14.087.989	0,94%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	13.179.379	0,88%
Lífeyrissj. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	11.865.756	0,80%
Kjölur lífeyrissjóður **	9.781.404	0,66%
Lsj. Rangæinga	3.882.037	0,26%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	2.542.032	0,17%
Lsj. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	2.392.116	0,16%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	2.378.238	0,16%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	2.186.980	0,15%
Lsj. Akraneskaupstaðar	1.124.824	0,08%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	800.865	0,05%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	693.277	0,05%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsvákurkaupst.	451.429	0,03%
Lsj. Neskaupstaðar	443.865	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	64.523	0,00%
<b>Samtals í LL</b>	<b>1.491.248.256</b>	<b>100,00%</b>

\* Lífeyrissjóður Norðurlands og Lífeyrissjóður Austurlands sameinuðust 1. janúar 2007 undir heitinu Stapi lífeyrissjóður.

\*\* Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands, Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunar, Lífeyrissjóður starfsmanna Oliuverzlunar Íslands og Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar sameinuðust 1. júlí 2007 undir heitinu Kjölur lífeyrissjóður.

**LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA**

**ÁRSREIKNINGUR 2007**



# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2007 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 39,4 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 11,8 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 59,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 47,6 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. apríl 2008.

## **Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:**

Arnar Sigurmundsson

Haukur Hafsteinsson

Friðbert Traustason

Gunnar Baldvinsson

Gunnar Páll Pálsson

Margeir Daníelsson

Porbjörn Guðmundsson

Pórunn Sveinbjörnsdóttir

## **Framkvæmdastjóri:**

Hrafn Magnússon



## ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 1. apríl 2008.

**KPMG hf.**

Sæmundur Valdimarsson



## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>REKSTRARTEKJUR:</b>			
Árgjöld .....	2	<u>39.441.900</u>	<u>33.492.356</u>
		<u>39.441.900</u>	<u>33.492.356</u>
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	20.473.648	18.516.104
Annar rekstrarkostnaður .....	6	18.088.729	14.986.385
Afskriftir .....	7	<u>86.658</u>	<u>145.467</u>
		<u>38.649.035</u>	<u>33.647.956</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		792.865	(155.600)
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):</b>			
Vaxtatekjur .....		20.209.302	7.609.878
Arður .....		752.721	422.388
Vaxtagjöld .....		( 9.921.883)	( 1.404.025)
		<u>11.040.140</u>	<u>6.628.241</u>
Hagnaður .....	9	<u>11.833.005</u>	<u>6.472.641</u>



## EFNAHAGSREIKNINGUR

### Eignir

	Skýr.	2007	2006
<b>FASTAFJÁRMUNIR:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og innréttingar .....	7	<u>201.204</u>	<u>287.862</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	<u>732.208</u>	<u>732.208</u>
Fastafjármunir		<u>933.412</u>	<u>1.020.070</u>
<b>VELTUFJÁRMUNIR:</b>			
Skammtímakröfur .....		<u>3.410.881</u>	<u>1.743.142</u>
Handbært fé .....		<u>68.806.676</u>	<u>124.172.605</u>
Veltufjármunir .....		<u>72.217.557</u>	<u>125.915.747</u>
Eignir samtals		<u>73.150.969</u>	<u>126.935.817</u>

## 31. DESEMBER 2007

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2007	2006
<b>Eigið fé</b> .....	9	<u>59.478.845</u>	<u>47.645.840</u>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR:</b>			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. ..		<u>9.349.460</u>	<u>74.816.304</u>
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>4.322.664</u>	<u>4.473.673</u>
Skuldir samtals		<u>13.672.124</u>	<u>79.289.977</u>
Eigið fé og skuldir samtals .....		<u>73.150.969</u>	<u>126.935.817</u>

**SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2007**

	Skýr.	2007	2006
<b>REKSTRARHREYFINGAR:</b>			
Hagnaður ársins .....	9	11.833.005	6.472.641
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	<u>86.658</u>	<u>145.467</u>
Veltufé frá rekstri		<u>11.919.663</u>	<u>6.618.108</u>
 Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 1.667.739)	( 29.546)
Skammtímaskuldir, lækkun .....		( <u>151.009</u> )	( <u>168.788</u> )
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		( <u>1.818.748</u> )	( <u>198.334</u> )
Handbært fé frá rekstri		<u>10.100.915</u>	<u>6.419.774</u>
 <b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:</b>			
Seldur eignarhluti í öðru félagi .....		0	30.000
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>30.000</u>
 <b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:</b>			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða			
um verðbréfaþing ehf., breyting .....		( 65.466.844)	68.919.557
Fjárfestingarhreyfingar		( 65.466.844)	68.919.557
 (Lækkun) hækkun á handbæru fé .....		( <u>55.365.929</u> )	<u>75.369.331</u>
 Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>124.172.605</u>	<u>48.803.274</u>
 Handbært fé í árslok .....		<u>68.806.676</u>	<u>124.172.605</u>

# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverð reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Innlausn tekna

2. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldtekjur þeirra á árinu 2006. Árgjöldin eru 0,067% af 10% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0031% af hreinni eign í árslok 2006.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### Eignarhlutir í félögum

4. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

## Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig: .....	2007	2006
Laun .....	16.371.894	14.797.624
Launatengd gjöld .....	4.101.754	3.718.480
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>20.473.648</u>	<u>18.516.104</u>

Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf .....

	1	1
--	---	---

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri .....	12.725.106
Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar .....	1.040.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður .....	780.000
Friðbert Traustason .....	520.000
Gunnar Þór Baldvinsson .....	520.000
Margeir Daníelsson .....	520.000
Þórunn Sveinbjörnsdóttir .....	520.000
Þorbjörn Guðmundsson .....	520.000
Gunnar Páll Pálsson .....	360.000
Víglundur Þorsteinsson .....	160.000
Arnaldur Loftsson .....	65.000
Jón Guðni Kristjánsson .....	45.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson .....	42.500

**Skýringar, frh.:**

Björn Snæbjörnsson .....	22.500	
Elsa Björk Friðfinnsdóttir .....	22.500	
Guðrún K Guðmannsdóttir .....	22.500	
Sigurbjörg Björnsdóttir .....	22.500	
Stefán A. Halldórsson .....	22.500	
<b>6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig: .....</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>
Húsaleiga .....	1.448.659	1.375.925
Annar húsnæðiskostnaður .....	316.764	298.828
Pappír, prentun, ritföng .....	1.023.641	2.009.108
Símakostnaður .....	399.896	287.367
Burðargjöld .....	123.498	118.991
Bækur, blöð og tímarit .....	191.022	186.252
Aðkeypt þjónusta .....	7.352.202	4.646.713
Rekstur bifreiðar .....	1.592.088	1.654.932
Ferðakostnaður .....	367.705	218.918
Fundir, ráðstefnur, námskeið .....	1.138.843	1.417.447
Auglýsingar og kynningarkostnaður .....	1.276.125	183.075
Félagsgjöld .....	761.117	599.540
Styrkir .....	1.673.760	1.500.000
Annar kostnaður .....	423.409	489.289
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>18.088.729</u>	<u>14.986.385</u>

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

<b>7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:</b>	<b>Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður</b>
Stofnverð 1.1.2007 .....	1.980.220
Stofnverð 31.12.2007 .....	<u>1.980.220</u>
Afskrifað 1.1.2007 .....	1.692.358
Afskrifað á árinu .....	<u>86.658</u>
Afskrifað 31.12.20067 .....	<u>1.779.016</u>
Bókfært verð 31.12.2007 .....	<u>201.204</u>
Afskriftahlutföll .....	20-33%

## Skýringar, frh.:

### Áhættufjármunir

8. Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. ....	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða sf. ....	6,0%	<u>60.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals .....		<u>732.208</u>

Eigið fé Eignarhaldsfélags lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. nam 663 millj. kr. í árslok 2007.

### Eigið fé

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2007 .....	24.416.897	23.228.943	47.645.840
Hagnaður ársins .....	<u>                    </u>	<u>11.833.005</u>	<u>11.833.005</u>
Eigið fé 31.12.2007 .....	<u>24.416.897</u>	<u>35.061.948</u>	<u>59.478.845</u>

### Skuldbindingar

10. Landssamtökin hafa gert rekstrarleigusamning um bifreið. Skuldbinding vegna samnings, sem ekki er færð í efnahagsreikning, nemur 1,6 millj. kr. og greiðist á árunum 2008-2009.





